

SAMÞYKKT

um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúans í Reykjavík.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík afgreiðir, án staðfestingar skipulagsráðs, mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum.

2. gr.

Undanskilin frá afgreiðslum skv. 1. gr. eru nýbyggingar, byggingarskilmálar, nafngiftir á götum, vegum og torgum, ásamt beitingu ákvæða í VI. kafla laganna eftir því sem við á, sbr. þó heimildarákvæði í samþykkt fyrir skipulagsráð. Ráðið getur ákveðið að fela byggingarfulltrúa afgreiðslu einstakra nýbygginga.

3. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur hann gefið út byggingarleyfi að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmála og öðrum samþykktum Reykjavíkurborgar um byggingarmál.

Byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 1. gr. til afgreiðslu skipulagsráðs, sérstaklega ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

4. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi skipulagsráðs og bókaðar í fundargerð, og hljóta endanlega afgreiðslu borgarráðs með sama hætti og samþykktir skipulagsráðs skv. IV. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

5. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

6. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa er honum heimilt að skjóta afgreiðslu hans til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og 10. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Skal aðilum leiðbeint um kærufrest þegar um kæránlega ákvörðun er að ræða.

7. gr.

Ofangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 7. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 558/2003 með sama heiti.

Umhverfissráðuneytinu, 24. janúar 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Smári Þorvaldsson.